

Sá, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn 65 ára, var enn á togara eða undirmaður á farskipi og hafði verið það minnst 10 ár, skal eiga réttindi í sjóðnum þannig miðað við framangreindan tíma, að sá, sem var 65 ára, fær rétt eins og sá, sem greitt hefur í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram iðgjaldgreiðslu, fær hann aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á farskipi eða togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 13. gr. laganna.

Ákvæði 1. og 2. málsg. þessa töluliðar skulu einnig gilda um sjóðfélaga samkvæmt 2. málsg. 3. gr. með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

- Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.
3. Vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsg. 3. gr. skal ekki greiða full iðgjöld, sbr. 1. og 3. málsg. 11. gr., fyrr en frá 1. janúar 1972. Skal á árinu 1970 greiða 40% fullra iðgjalda og á árinu 1971 80% fullra iðgjalda, og skal réttindatími þessi tvö ár reiknast hlutfallslega skemmri, sem þessu nemur.
 4. Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra stjórnarmanna, sem þá eru í stjórn sjóðsins, og varamanna þeirra. Skal ný stjórn skipuð frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal deild við Ríkisábyrgðasjóð, er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

2. gr.

Hlutverk tryggingardeildar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslán-um, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum.

Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum.

Þegar sérstaklega stendur á, er tryggingardeild einnig heimilt að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands.

3. gr.

Hámark skuldbindinga deildarinnar á hverjum tíma vegna trygginga á útflutningslánnum eða öðrum kröfum má nema samtals 250 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Umsóknir um tryggingu á útflutningslánnum skulu lagðar fyrir fjögurra manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna auk þess sem hún ákveður, með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs.

Nefndin ákveður iðgjöld af einstökum tryggingum eftir taxa, sem ákveðinn er skv. 6. gr. Einnig úrskurðar hún um tjónabætur, en skjóta má þeim úrskurði til fjármálaráðherra.

5. gr.

Tryggingardeildin tryggir gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eða stjórn-málalegs eðlis. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um efni og eðli þeirra áhættuflokka, sem um getur verið að ræða.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður iðgjaldtaxta tryggingardeildar. Iðgjöld skulu við það miðuð, að þau standi straum af kostnaði deildarinnar og greiðslu tjónabóta.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð deildarinnar og skal honum varið til greiðslu tjóna, sem kunna að verða. Nú er eigi fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu tjónsbóta, og skal þá það, sem á vantar, greiðast úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal, að fenginni umsögn aðila þeirra, sem nefndir eru í 4. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvöruheymslur o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja